

Síðanefnd Læknafélagsins
Læknafélag Íslands
Hlíðarsmára 8,
200 Kópavogur

8. ágúst 2017

EFNI: Kæra á hendur Hjalta Má Björnssyni bráðalækni á bráðadeild Landspítalans vegna brota á siðareglum lækna Codex Ethicus.

AÐDRAGANDI KÆRUNNAR

Þann 11. maí, 2017 hélt ég fyrirlesturinn *Íslam og framtíð evrópskrar menningar* á ráðstefnu í Grand hótél Reykjavík. Eftir fyrirlesturinn fór ég, öryggisvörður minn, skipuleggjendur ráðstefnunnar og Christine Williams, sem var einnig ræðumaður, á veitingahús til að halda upp á vel heppnaða ráðstefnu. Þar heilsaði mér ungur maður, sagðist vera aðdáandi minn, og bauð mér upp á drykk, sem ég þáði. Stuttu síðar kom annar ungur Íslendingur, kallaði mig með nafni, tók í höndina á mér og sagði: “Fuck you!”

Við tókum það sem skilaboð um að yfirgefa staðinn. Um það bil 15 mínútum síðar, þegar ég var kominn aftur á hótelið, fann ég fyrir doða í andliti, höndum, og fótum. Ég byrjaði að skjálfa og kastaði upp. Hjartslátturinn var það ör að mér leið eins og ég væri í lífshættu. Ég upplifði gífurlegan kvíða og vissi að eitthvað hræðilegt væri að. Mér var ljóst að einhver hafi laumað ólyfjan í drykkinn minn meðan ég var á veitingastaðnum. Ég fór á bráðamóttöku Landspítalans og var þar rúmliggjandi alla nóttina.

HJALTI MÁR BJÖRNSSON OG MEÐHÖNDLUN HANS Á BRÁÐADEILD LANDSPÍTALANS

Hjalti Már Björnsson, sem meðhöndlaði mig á bráðamóttökunni, var mjög óvinsamlegur. Hann sagði mér aðeins að ritaín hefði greinst í blóði mínu, og virtist fullur efasemda þegar ég tjáði honum að ég hafi aldrei tekið inn ritalín. Hjalti Már sagðist vera þeirrar skoðunar að lyfjaprófið (medical lab tests) sem var gert á mér hafi sýnt ranga niðurstöðu – án þess að útskýra hver sú niðurstaða hafi verið – og ég hafi einfaldlega fengið kvíðakast.

Mér fannst sú greining á engan hátt sannfærandi. Ég hef aldrei fengið kvíðakast á ævinni, jafnvel eftir að tveir vopnaðir jhahadistar réðust á samkomu okkar í Curtis Culwell Center í Garland, Texas, 3. maí, 2015. Skömmu eftir að árásamennirnir komu inn á bílastæðið við Curtis Culwell Center hófu þeir skothríf; þeir særðust báðir í skotbardaga við lögreglumenn, og voru að endingu drepnir af fjórum sérsveitarmönnum SWAT. Jhahadistarnir voru vopnaðir Kalashnikov AK-47 hríðskotabyssum, og sprengjusérfræðingar lögreglunnar leituðu af tímasprengjum í nágrenninu. Ég var helsta skotmark hryðjuverkamannanna. Af hverju fékk ég ekki kvíðakast á meðan á þessu gekk?

Hvers vegna ætti ég að fá kvíðakast eftir vel heppnaðan viðburð á Grand hótél Reykjavík? Ráðstefnan var vel sótt, erindum okkar vel tekið, og samkoman öll fór friðsamlega og kurteislega fram. Hugmyndin um að ég hafi fengi kvíðakast í framhaldi af þessari velgengni gekk hreinlega ekki upp. Sú staðreynd að lækurinn lagði áherslu á það atriði, og sagði það skýra hvað hafði gerst, veitti mér enga hugarró, né hjálpaði það mér til að slaka á. Ég vissi að það hlyti að vera eitthvað meira og annað sem útskýrði vanlíðan mína.

Hjalti Már talaði einnig sífellt um streitu sem hann sagði hrjá mig, hvatti mig til að hætta því sem ég gerði, án þess að hafa neinar vísbendingar um að mér hafi nokkurn tímann fundist starf mitt neitt sérstaklega streituvaldandi. Eftir á að hyggja – þegar ég uppgötvaði að hann hafði ekki upplýst mig til hlítar um hvað lyfjaprófunin leiddi í ljós – virðist ásetningur hans hafa verið að telja mér trú um að ekki hafi verið eittrað fyrir mér, og hið meinta kvíðakast mitt tímanna tákn um að ég ætti að hætta að fjalla um hryðjuverk jhahadista.

Allan þann tíma sem ég dvaldi á bráðadeildinni minntist Hjalti Már Björnsson aldrei á þá staðreynd að MDMA hafi greinst í þvagprufunni sem ég gaf honum. Ég uppgötvaði það ekki fyrr en ég hafði yfirgefið Landspítalann, var kominn aftur á hótélherbergi mitt og skoðaði læknaskýrsluna. Ég vissi ekki hvað MDMA var, notaði því Google til að komast að því, og þegar mér varð ljóst að um „alsælu“ var að ræða, fór ég fyrst að skilja hvað hafði gerst. Kvíðakast er í raun og veru eitt af einkennum af of stórum skammti af MDMA. Vitandi það dró verulega úr undrun minni á þessu snögga áfalli sem ég varð fyrir.

Hver vegna upplýsir Hjalti Már mig ekki um að MDMA og amfetamín hafi fundist í þvagprufunni sem ég gaf honum? Hvers vegna var hann þráfaldlega að tala um rítalín og meint álag sem hann taldi hrjá mig í ljósi þess sem hann vissi um niðurstöðu eiturefnagreiningarinnar?

Þetta er skýlaust brot á Siðareglum lækna, Codex Ethicus. Samanber **II. Ákvæði um samband læknis og sjúklings, 9.gr.**, þar sem segir:

Læknir skýrir sjúklingi frá sjúkdómi hans, ástandi hans og horfum, nema sjúklingur óski þess sérstaklega að fá ekki þessar upplýsingar.

Einnig er það brot á **I. Almenn ákvæði um góða læknishætti, 6.gr.**, sem segir:

Læknir skal við rannsóknir, ráðleggingar og meðferð byggja á fræðilegum niðurstöðum og/eða viðurkenndri reynslu.

Þá er það hugsanlega brot á **I. Almenn ákvæði um góða læknishætti, 1.gr.**, en pólitískar hvatir kunna að skýra háttalag Hjalta Márs:

Læknir skal rækja starf sitt af vandvirkni og samvirkusemi án tillits til eigin hagsmuna, persónulegra skoðana, stjórnmála, þjóðernis, trúarbragða, kynþátta, kynferðis, kynhneigðar eða annarra utanaðkomandi áhrifa.

HJALTI MÁR BJÖRNSSON OG LÆKNASKÝRSLAN

Mér hefur verið bent á, bæði af íslenskum lækni og bandarískum lækni, að læknaskýrslan sem Hjalti Már Björnsson undirritar sé villandi miðað við greiningu rannsóknarstofunnar á sýnunum sem ég veitti. Hjalti Már virðist vera leggja lítið upp úr því sem gerðist. Hann notar „hyponatremíu“ sem aðalgreiningu, þegar hún ætti í reynd að vera hliðargreining. Hann telur orsök hennar vera að ég hafi drukkið mikið magn vatns, sem ég gerði á hótelinu til að hreinsa út eiturefnin áður en ég fór á bráðadeild Landspítalans. Hann upplýsir mig ekki um þá staðreynd að hyponatremía er annað einkenni af of stórum skammti af MDMA.

Íslenski læknirinn segir rétt sjúkdómsgreiningu samkvæmt ICD-10 vera:

Aðalgreining: [meginástæðan fyrir því að ég leita til læknis]: Panic Attack F410, Excitation, Hyperventilation. [Excitation er venjulega einkenni inntöku ávana- eða fíkniefna].

Aukagreining: [þ.e. orsök umkvörtunarefnisins]: Intoxication, MDMA finnst í þvagprufu.

Hliðargreining: [sem er aukaverkun eitrunarinnar]: Hyponatremia.

Báðir læknarnir segja að umsögn Hjalta Márs: „No signs of serious poisoning“ sé óviðeigandi í læknaskýrslu af þessu tagi. Ekki alvarleg fyrir hvern? Hversu mikið eitur þarf að gefa manneskju svo að eitrunin teljist „alvarleg“? Ég var með öll einkenni af of stórum skammti af MDMA. Það þykir mér nógu alvarlegt. Verra er að mér er ekki einu sinni sagt frá staðreyndum málsins af lækninum sem annaðist mig meðan ég dvaldi á bráðadeild Landspítalans.

Ég er ekki læknir sjálfur, þannig að ég bið ykkur virðingarfyllst að skoða vandlega þessa kæru í ljósi siðareglna Læknafélags Íslands, Codex Ethicus, og grípa til viðeigandi ráðstafanna varðandi háttsemi Hjalta Márs Björnssonar í þessu máli. Hér að ofan tilgreini ég þrjár greinar í siðareglum lækna, en Hjalti Már

Björnsson kann að hafa brotið fleiri, t.d. 15. gr. í **II. Ákvæði um samband læknis og sjúklings**, sem segir:
„Læknir skal vera óvilhallur í vottorðagjöf. Í vottorði komi fram, hvert er tilefni þess og tilgangur og í því hlýðir að staðfesta það eitt, er máli skiptir hverju sinni og aðeins það, sem læknirinn hefur sjálfur gengið úr skugga um“.



Robert Spencer

Tilvísanir:

Codex Ethicus, <http://www.lis.is/sidfraedi/Codex>

Curtis Culwell Center Attack https://en.wikipedia.org/wiki/Curtis_Culwell_Center_attack

Fylgigögn: Læknaskýrsla undirrituð af Hjalti Má Björnssyni
og kærán á hendur Hjalta Má Björnssyni á ensku.